

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Myl 401	
	Kennsluáætlun vor 2012	

Markmið:

Að nemandi kynni sér efni sem notuð eru í myndlist, svo sem mismunandi grunnefni fyrir málverk. Hvernig hægt sé að undirbúa, með að límbera og grunna mismunandi efni, svo vel fari og tryggja megí endingu myndverka. Að nemandi, að loknu námskeiðinu hafi öðlast skilning á grunnatriðum í mismunandi málunaraðferðum og hafi fengið þjálfun í þeim. Að hann þekki mismunandi grunnefni, svo sem mismunandi striga, hör, léreft, plast, pappa, pappír, svo nokkur séu nefnd. Hvernig megí undirbúa þessi efni, svo vel fari fyrir málun, teikningu og þrykk hverskonar. Einnig er lögð áhersla á að nemandi kynni sér lagskipt málverk og hvernig málunaraðferðir hafa þróast í listasögunni.

Námskeiðslýsing:

Nemandi safnar mismunandi efnum, bæði mögulegum og hugsanlega ómögulegum til að vinna myndverk á, hann gerir tilraunir til að komast að niðurstöðu um eiginleika hvers efnis og kannar hvernig og hvort, mögulegt sé að nota efnið svo vel fari. Allar tilraunir og niðurstöður skráir nemandi í dagbók, einnig skráir hann niður uppskriftir af lími, grunn og hlutfall bindiefnis í liti. Nemandi lærir að: límbera grunna, rífa liti, Eggtemperu, temperu, olíu og akrílliti.

Námsmat:

Námsmatið byggir á tvennum stöðum, verklegum tilraunum með mismunandi efnum þetta gildir 50%. Hinsvegar dagbók sem nemandi heldur á námskeiðinu sem gildir 35. Loks er virkni, frágangur og ástundun nemandans 15%

Verklegar tilraunir:50%

1. Mismunandi grunn efni fyrir málverk, límborinn og grunnuð.
2. Nokkrir litir rifnir og málaðir á grunn efnin.
3. Blandaður grunnur

Dagbók:35%

Í dagbókina færir nemandi ýmsar uppskriftir sem farið er í og niðurstöður tilrauna.

Virkni:15%

1. Þátttaka nemandans í umræðum, frumkvæði og útsjónarsemi við tilraunirnar

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Myl 401 Kennsluáætlun vor 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Tímaplan:

- Vika 2, 3. Kynning á áfanganum, nemandi viðar að sér mismunandi efni til að mála á.
- Vika 4, 5, 6, Efni límborið og grunnað. Umræður
- Vika 7, 8, 9, 10. Farið í mismunandi gerðir lita, uppbyggingu þeirra og upplausnarefni. Nemandi rífur liti og gerir tilraunir með íblöndunarefni ýmskonar og skoðuð mismunandi bindiefni lita og upplausnarefni. Umræður
- Vika 11. 12, 13. Páskafrí vika 14. 15. Málað á mismunandi efni, lagskipt málverk. Umræður.
- Vika 16, 17, Frágangur.

Kennari, Guðmundur Ármann Sigurjónsson Efni og aðferðir í málverki, ein eining.